



Tilmæli til leigjanda Múlapings

Mælst er til að leigjandi:

- Kynni sér og fylgi *Reglum Múlapings vegna leiguíbúða* sem vistaðar eru heimsíðu Múlapings.
- Negli eða bori í vegg eins lítið og unnt er. Notast skal sem mest við vegglimborða eða aðrar lausnir sem eru viðurkenndar og valda sem minnstum skemmdum.
- Geymi aukalykil á vísu stað út í bæ, verði hann fyrir því óláni að læsa sig úti. Þurfi að gera aukalykil eða skipta um læsingu skal það greitt af leigjanda og afhent við leigulok.
- Loftræsti húsnæðið vel, með því að opna glugga reglulega svo lofti vel um öll rýmin.
- Haldi húsnæðinu ávallt hreinu og þrifalegu sem og sameign ef við á.
- Þrifi öll niðurföll, vatnslása og síur í vöskum og sturtu.
- Passi upp á að rakastig í húsnæðinu sé innan eðlilegra marka, sjá rakamælir í íbúð, 40%-70%.
- Sinni eðlilegu minniháttar viðhaldi eins og t.d.:
 - skipta um ljósaperur og batterí í reykskynjurum ef við
 - kanna virkni reykskynjara og gildistíma slökkvitækis og tilkynni til Fasteignasviðs Múlapings ef ábótavant.
 - Slá lóð og hirða garð, sé hann til staðar og leigjandi með einkanot á garðinum.
- Sé með virka heimilistryggingu.

Ekki er heimilt að:

- Reykja innandyra.
- Fjarlægja fastan fylgibúnað eða bæta við slíkum nema með leyfi Fasteignasviðs Múlapings. Dæmi um slíkan fylgibúnað er t.d. eldavélar og blöndunartæki.
- Mála vegg, innréttingar, hurðar eða annað sem fylgir húsnæðinu. Slíkt viðhald er á ábyrgð Fasteignasviðs Múlapings.
- Gera hverskonar breytingar á húsnæði eða lóð án sérstaks leyfis þar um frá Fasteignasviði Múlapings.

Verði tjón á húsnæðinu skal leigjandi tafarlaust tilkynna það til tryggingarfélagsins Vís í síma 560 5000 og senda greinagóðar upplýsingar um málið á netfangið tjon@mulathing.is

Fasteignasvið Múlapings, netfang: eignir@mulathing.is og sími 4700700